

60. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldin í fjarfundi og staðfundi í fundarsal Vestfjarðastofu á Ísafirði, þann 30. apríl 2024 kl 12.00

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Elísabet Gunnarsdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Halldór Halldórsson, Lilja Magnúsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Gauti Geirsson og Nanný Arna Guðmundsdóttir.

Forföll boðuðu Jónas Heiðar Birgisson áheyrnarfulltrúi og Jóhann Birkir Helgason. Í stað Jóhanns var boðuð Dagný Finnbjörnsdóttir.

Einnig sátu fundinn þau Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir teymisstjóri atvinnu- og byggðaðróunar, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðs- og menningar og Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðaðróunar sem ritaði fundargerð

Formaður setti fundinn og skýrði frá því að Dagný kæmi síðar inn á fundinn. Formaður kannaði síðan hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið til boðaðar dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Ársreikningur Vestfjarðastofu 2023
2. Ársskýrsla Vestfjarðastofu 2023
3. Ársfundir Vestfjarðastofu og Sóknarhóps
4. Gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029 - framvinda
5. Samningur við Ferðamálastofu
6. Skýrsla framkvæmdastjóra
7. Fundargerðir til kynningar
8. Frumvarp um lagareldi

Fundur stjórnar FV

1. Boðun 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga að sumri
2. Kynning á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins 2024
3. Fundur innviðaráðuneytis 7. mars – Stefnumót um stefnur
4. Fjarskiptamál – úttekt á fjarskiptasambandi á Vestfjörðum
5. Svæðisskipulag Vestfjarða – staða
6. Minjaráð Vestfjarða – skipan fulltrúa
7. Málþing – er íslensk orka til heimabruks?
8. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
 - b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
 - c. Afrakstur umsagna.
 - d. Umsagnarbeiðni
 - i. Fjárlaganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, [1035. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 6. maí nk.**
 - ii. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar [930. mál - Lagareldi](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 8. maí nk.**
 - e. Umsagnir til skoðunar

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Ársreikningur Vestfjarðastofu 2023

Mætt til fundarins Margrét Högnadóttir, viðskiptafræðingur frá Endurskoðun Vestfjarða.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að ársreikningi Vestfjarðastofu ses fyrir árið 2023, ásamt áritun endurskoðanda og skýrslu stjórnar.

Formaður gaf Margréti orðið. Margrét kynnti skýrslu endurskoðanda, skýrslan er með hefðbundnum fyrirvörum við endurskoðun en að öðru leyti er það mat endurskoðanda að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri og efnahag Vestfjarðastofu. Hún kynnti einnig rekstrarreikning en tekjur námu 294,5 mkr, gjöld 292,8 mkr, rekstarniðurstaða með fjármagnstekjum 5,3 mkr. Efnahagsreikning eignir nema 93,4 mkr, skuldir nema 78 mkr, eigið fé 15,4 mkr. Auk þess fylgir sjóðsstreymi, skýringar, sundurliðanir og deildir með ársreikningi.

Til máls tóku, Sigríður og Nanný Arna.

Formaður þakkaði Margréti fyrir hennar framsögu.

Formaður gerði tillögu um að samþykkja ársreikning 2023, tillagan samþykkt samhljóða og verður ársreikningur undirritaður rafrænt.

2. Ársskýrsla Vestfjarðastofu 2023

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að framsetningu ársskýrslu á vefformi og helstu efnisatriði hennar. Skýrslan byggir á efni fréttabréfa og skýrslna sem unnar hafa verið.

Formaður opnaði fyrir umræðu, til máls tóku Lilja, Friðbjörg og Halldór

Formaður gerði tillögu um að samþykkja framsetningu ársskýrslu, tillagan samþykkt samhljóða.

3. Ársfundir Vestfjarðastofu og Sóknarhóps

Formaður kynnti tillögu um að ársfundur sóknarhóps verði haldinn í Félagsheimilinu Patreksfirði kl 15.00 þann 27. maí n.k.. Ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu verði haldinn í Edinborgarhúsinu, Ísafirði kl 14.00 þann 29. maí n.k. og gaf framkvæmdastjóra orðið.

Framkvæmdastjóri kynnti efni ársfunda og dagskrá þeirra. Formaður gerði tillögu um efni ársfundar 2024. Samhliða fundunum verða opnir fundir um gerð sóknaráætlunar og lýsing svæðisskipulags og fundur sama efnis á Hólmavík þann 30. maí n.k..

Formaður bar upp tillögu um efni, dagsetningu og staðsetningu árfunda. Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029 – framvinda

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu á gerð, drög að innihaldi að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 sem unnið er að með Urbana ehf og gagnaöflun með stöðugreiningu, fókushópum og með opnum fundum á Patreksfirði, Ísafirði og Hólmavík nú í lok maí.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir umræðu hvernig ná megi fram sem mestri þátttöku / aðild íbúa í gerð Sóknaráætlunar og framtíðarsýnar og fá fram afstöðu.

Til máls tóku Sigríður, Jóhanna, Halldór, Nanný, Aðalsteinn, Lilja,

Framkvæmdastjóra og sviðsstjóra falið að vinna að verkefninu í ljósi umræðu á fundinum.

5. Samningur við Ferðamálastofu

Lagður fram til kynningar framlenging til eins árs, samningur Vestfjarðastofu og Ferðamálastofu fyrir árið 2024, samningurinn var undirritaður í mars s.l. með fyrirvara um samþykki stjórnar. Samningurinn er sundurliðaður í einstaka verkþætti, samningsfjárhæð er 22 mkr og er óbreytt frá síðustu árum.

Sölvi kynnti að það hylli undir lok á gerð aðgerðaáætlunar í ferðaþjónustu. Umræða er um skiptingu verkefna á sveitarstjórnarstig og ríki og þar er umræða að aukinni ábyrgð muni fylgja aukin framlög.

Til máls tóku Gauti, Magnús og Nanný.

Formaður gerði tillögu að bókun.

Stjórn staðfestir framlagðan samning en lýsir áhyggjum af því að samningsfjárhæð hefur ekki fylgt verðlagsbreytingum og launaþróun á síðustu árum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra, um stöðu verkefna, fundir og samstarfsverkefni á landsvísu og á erlendum vettvangi sem unnið hefur verið að nú í mars og apríl. Auk þess skýrði sviðsstjóri og teymisstjóri frá framkvæmd hluta þessara verkefna.

Til máls tóku Friðbjörg, Nanný, Elísabet og Halldór.

Í umræðu komu fram hugmyndir að halda fjölmenningsþing á Vestfjörðum og lagði formaður til að málinu verði vísað til vinnufundar stjórnar í hausti. Tillagan samþykkt samhljóða.

7. Fundargerðir til kynningar

- a. Fundargerð 105. fundar stjórnar SSNV 2. apríl 2024
https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2024/fundargerð-105.-fundar-stjornar-ssnv-2.-april-2024.pdf
- b. Fundargerð 60. Fundar SSNE 19. mars 2024
<https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE24/fundargerð61fundar-1-.pdf>
- c. Fundargerð 19. fundar stjórnar SSA 22. mars 2024
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/03/19.-fundur-SSA-220324.pdf>
- d. 608. stjórnarfundur SASS. 15. apríl 2024
<https://www.sass.is/608-fundur-stjornar-sass/>
- e. 798. fundargerð stjórnar SSS 20. mars 2024
<https://sss.is/skjol/798-fundargerð-stjornar-s-s-s/>
- f. 575. Fundur stjórnar SSH 18. mars 2024
<https://www.ssh.is/is/um-ssh/fundargerdir>

g. 946. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

8. Frumvarp um lagareldi.

Formaður kynnti að atvinnuveganefnd Alþingis hefur lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um lagareldi mál 930. Meginspurning er hvort skila eigi sameiginlegri umsögn.

Sviðsstjóri og teymisstjóri atvinnuþróunar kynntu sem þau töldu atriði er vörðuðu samfélögin á Vestfjörðum. Óskað var afstöðu stjórnar til efni málsins.

Til máls tóku, Gauti, Halldór, Nanný, Lilja, Elísabet, Sigríður og Aðalsteinn

Framkvæmdastjóra, sviðsstjóra og teymisstjóra falið að klára umsögn á grundvelli umræðu á fundinum og senda tillögu í tölvupósti til samþykktar.

Sölvi, Halldór, Friðbjörg og Elísabet viku af fundi.

Dagný Finnbjörnsdóttir, mætti til fundar, en tæknileg vandkvæði voru hjá henni að tengjast fundinum þar til nú.

Vilborg Pétursdóttir, verkefnastjóri Vestfjarðastofu mætt til fundar.

Fundur stjórnar ungmennaráðs og stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Mætt voru Salvör Sól Jóhannsdóttir (formaður), Bolungarvíkurkaupstað, Hildur Ása Gísladóttir (varaformaður), Vesturbyggð, Soffía Rún Pálsdóttir (kynningarfulltrúi), Ísafjarðarbæ, Guðbjörg Ósk Halldórsdóttir (ritari), Kaldrananeshreppi, Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir, Reykhólahreppi, Hávarður Blær Ágústsson, Strandsbyggð og Andrés Páll Ásgeirsson, Tálknafjarðarhreppi. Rafael Filipe da Silva Rosa, Súðavíkurhreppi var forfallaður.

Formaður stjórnar setti fundinn og bauð fulltrúa ungmennaráðs velkomna til fundar. Markmið fundarins væri að kynna Ungmennaráð og stjórn Fjórðungssambands.

Formaður skýrði frá málefnum Fjórðungssambandið hún óskaði eftir að Ungmennaráð verði virkt og komi að málefnum. Formaður ungmennaráðs þakkaði kynninguna fyrir hönd ráðsins.

Formaður stjórnar og Vilborg hvöttu fulltrúa ungmennaráðs að vera í góðu samband við undirbúning fundar Ungmennaráðs í byrjun júní n.k..

Fundi slitið kl 14.15.

Fundur stjórnar FV

1. Boðun 69. Fjórðungspings Vestfirðinga að sumri

Með vísan til samþykktar 69. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori þann 10. apríl s.l. þá felur stjórn sviðsstjóra að boða 69. þing 19. júní n.k. kl 11.00 í fjarfundi og óska eftir tilnefningu allra sveitarfélaga í kjörnefnd þingsins.

2. Kynning á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins 2024 (frestað sent með bréfi á stjórn)

3. Fundur innviðaráðuneytis 7. mars – Stefnunót um stefnur (frestað)

4. Fjarskiptamál – úttekt á fjarskiptasambandi á Vestfjörðum

Sviðsstjóri lagði fram skýrslu Fjarskiptaáætlun Vestfjarða, sem kynnt var á fjarfundi þann 8. apríl s.l.. Í skýrslunni er fjallað um stöðu og tillögur um úrbætur á farneti, staðneti, útvarpssendingum og Tetra kerfi.

Innviðanefnd var til umsagnar um efni skýrslunnar og vísast til fundargerðar nefndarinnar frá en hún var unnin af Gagna ehf, Þorsteini Gunnlaugssyni. Á vinnutíma skýrslunnar var tekið til umfjöllunar áskorun almannavarnarnefndar á Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurbrepps um erfiða stöðu Tetra kerfis og gerð sérstök úttekt. Vestfjörðum og viðbragðsaðila.

Innviðanefnd Fjórðungssambands fjallaði um efni skýrslunnar á fundi þann 23. apríl s.l. og vísast til fundargerðar og í bókun nefndarinnar segir

Innviðanefnd lýsir ánægju með efni og efnistöð Fjarskiptaáætlunar Vestfjarða og mikilvægi þess að efni skýrslunnar sé fylgt eftir samkvæmt þeirri forgangsröðun sem viðbragðsaðilar hafa veitt ráðgjöf um.

Nefndin leggur til að skýrslan verði send sveitarfélögum á Vestfjörðum til umfjöllunar í sveitarstjórn og starfssviðum sveitarfélaganna sem tengjast efni skýrslunnar. Innviðanefnd leggur áherslu á

- *Mikilvægt sé að tryggja góða samfellu og samstarf sveitarfélaganna við fjarskiptafyrirtæki og stjórnvöld er varðar s.s. leyfisveitingar og skipulagsmál við uppbyggingu fjarskiptakerfa.*
- *Sveitarstjórnir taki til umræðu fjarskiptamál á tengivegum og fylgi eftir við stjórnvöld*

Stjórn tekur undir bókun innviðanefndar fagnar útkomu þessara skýrslu og nauðsyn þess að koma á úrbótum og þakkar höfundu og aðkomu almannavarnarnefndar og viðbragðsaðila um tillögur um Tetra kerfi.

5. Svæðisskipulag Vestfjarða – staða

Sviðsstjóri fór yfir stöðu mála. Svæðisskipulagsnefnd samþykkti lýsingu svæðisskipulags á fundi þann 4. apríl og vísaði afgreiðslu hennar til sveitarfélaga. Allar sveitarstjórnir hafa tekið málið til umfjöllunar, hluti sveitarstjórna þegar samþykkt lýsinguna og í stjórnýslu annarra sveitarfélaga hefur verið tekið jákvætt í erindið en beðið er formlegar afgreiðslu.

Stefnt er að fundi svæðisskipulagsnefndar upp úr miðjum maí og á grundvelli samþykki sveitarfélaga verði lýsing auglýst og efni hennar kynnt á opnum fundum.

6. Minjaráð Vestfjarða – skipan fulltrúa

Lagður fram tölvupóstur dags. 11. apríl s.l. frá Minjastofnun, Lísbet Guðmundsdóttur, nýjum Minjaverði Vestfjarða með beiðni um skipan Fjórðungssambands Vestfirðinga eins aðalfulltrúa og eins til vara í Minjaráð Vestfjarða. Stjórn Fjórðungssambands hefur allt frá árinu 2018 hafnað að skipa í Minjaráð Vestfjarða þar til staða Minjavarðar Vestfjarða verður skipuð að nýju.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfjarðar fagnar því ráðningu í stöðu minjavarðar Vestfjarða og óskar eftir góðu samstarfi við Minjastofnun og starfsmenn stofnunarinnar.

Formaður gerði tillögu um að fulltrúar Fjórðungssambandsins verði Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvík og Lilja Magnúsdóttir, Tálknafirði. Skipan aðal og varafulltrúa ráðist af skipan annarra fulltrúa í Minjaráð Vestfjarða með tilliti til ákvæða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

7. Málþing – er íslensk orka til heimabruks?

Formaður kynnti málþing sem hún og sviðsstjóri sóttu, og haldið í Reykjavík var þann 22. mars s.l. í framhaldi af Landsþingi sveitarfélaga. Málþingið var skipulagt af sveitarfélögum á köldum svæðum.

Rætt um efni máls og til máls tóku Jóhanna, Lilja, Nanný og Aðalsteinn

Formaður gerði tillögu að bókun stjórnar.

Stjórn fjórðungssambands telur nauðsynlegt að rjúfa áratuga kyrrstöðu í orkumálum á Vestfjörðum með öllum ráðum.

Fram kom á málþinginu „er íslensk orka til heimabruks?“ að:

- *Landsnet ætlar sér ekki að tvöfalda Vesturlínu fyrr en 20 megavatta virkjun sé byggð upp innan Vestfjarða.*
- *Að leyfishafa geta setið á virkjanaleyfum þrátt fyrir að hefja ekki framkvæmdir.*

Stjórn skorar á Alþingi að setja að alvöru í framkvæmd þingsályktun um flutningsmál raforku sem samþykkt var 2018, þar sem setja átti flutningsmál raforku á Vestfjörðum í forgang.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða óskar eftir fundi með umhverfis-, orku- og um stöðu á tillögum starfshóps ráðherra „Efling samfélaga á Vestfjörðum“ frá júní 2023.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

8. Innleiðing svæðisbundinna farsældarráða.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu máls í framhaldi af samþykki stjórnar á 59. fundar um heimild um að fylgja eftir málefnum Samhæfing málaflokka sem lúta að þjónustu við börn. Minnisblað um aðgerðaáætlun á grundvelli Menntastefnu Vestfjarða dags 4. apríl s.l. var sent mennta- og barnamálaráðherra og fundur haldinn með ráðherra um efni máls.

Fundur landshlutasamtaka og mennta og barnamálaráðuneyti var haldinn nú fyrr í dag um innleiðingu svæðisbundinna farsældarráða og kynnti framkvæmdastjóri munnlega tillögur ráðuneytisins.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir heimild stjórnar til að fara í kynningu á efni tillagna ráðuneytisins á meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum. Formaður gerði tillögu um að samþykkja slíka heimild. Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
Engar umsagnir hafa verið afgreiddar frá síðasta fundi stjórnar

- b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
Engar umsagnir hafa verið afgreiddar frá síðast fundi stjórnar
- c. Afrakstur umsagna.
Engar umsagnir hafa verið til umfjöllunar með nefndum Alþingis frá síðast fundi stjórnar
- d. Umsagnarbeiðni
 - i. Fjárlaganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, [1035. mál](#). Frestur til að senda inn umsögn er til og með 6. maí nk.

Formaður gaf sviðsstjóra orðið. Sviðsstjóri kynnti drög að umsögn sem byggir á umsögn um frumvarp til fjárlaga 2024 auk umfjöllunar um tekjugrunn samfélagsjóðs fiskeldis. Rætt um efni máls og tillaga formanns samþykkt um að veita heimild til að ljúka við gerð umsagnar og kynna stjórn í tölvupósti.
 - ii. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar [930. mál - Lagareldi](#) Frestur til að senda inn umsögn er til og með 8. maí nk.

Formaður gaf sviðsstjóra orðið. Sviðsstjóri vísaði til umfjöllunar stjórnar Vestfjarðastofa fyrir í dag og að unnin verði umsögn á grundvelli umræðu. Hann vísaði einnig til umfjöllunar um tekjugrunn samfélagsjóðs fiskeldis. Rætt um efni máls og tillaga formanns samþykkt um að veita heimild til að ljúka við gerð umsagnar og kynna stjórn í tölvupósti.
- e. Umsagnir til skoðunar

Fundi slitið kl 15.06